

Tillaga til þingsályktunar

um náttúrustofur.

Flm.: Líneik Anna Sævarsdóttir, Brynhildur Pétursdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Þorsteinn Sæmundsson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Þórunn Egilsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Ásmundur Einar Daðason, Willum Þór Þórsson, Páll Jóhann Pálsson, Valgerður Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að koma á fót starfshópi til að meta reynsluna af starfi náttúrustofa síðustu 20 árin og meta hvort hagkvæmt sé að náttúrustofur taki formlega að sér fleiri svæðisbundin verkefni en þær hafa nú með höndum. Þá verði hópnum falið að móta leiðir til að styrkja samstarf náttúrustofa og stofnana ríkisins í þeim tilgangi að nýta fjármagn til þekkingaröflunar og vöktunar á náttúru landsins sem best.

Greinargerð.

Nú eru rúm 40 ár síðan fyrstu hugmyndir um náttúrustofur landshlutanna komu fram og rúm 20 ár síðan fyrsta stofan hóf starfsemi, en Náttúrustofa Austurlands tók til starfa árið 1995. Náttúrustofurnar starfa samkvæmt lögum nr. 60 frá 1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Fyrstu árin voru stofnunar reknar með beinni aðild ríkisins sem skipaði einn stjórnarmanna en með lagabreytingu árið 2002 dró ríkið sig út úr beinni aðild að stofnunum en gerðir voru samningar um fjárframlög ríkisins til stofnana við sveitarfélögin sem eiga og reka þær.

Frá árinu 2002 hefur smátt og smátt dregið úr tengslum náttúrustofa við umhverfis og auðlindaráðuneytið þrátt fyrir að lesa megi úr umræðunni bæði á Alþingi og umfjöllun umhverfisráðherra þá og síðar að ætlunin hafi ekki verið að draga úr samvinnu við stofnanir ríkisins heldur að skýra rekstrarlega ábyrgð. Jafnframt hefur dregið úr fjárframlögum ríkisins til stofnana.

Það er ljóst að álit ráðherra, ráðuneytis og Alþingis árið 2002 var að náttúrustofur gegndu mikilvægu hlutverki hvað varðaði náttúruvörðun og framkvæmd náttúruverndar í samstarfi við stofnanir umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á þessu sviði. Því var í samningnum kveðið á um árlega fundi ráðuneytisins með forstöðumönnum náttúrustofa, formönnum stjórna náttúrustofa, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnunar.

Nú eru starfandi átta náttúrustofur en jafnframt hafa í sumum landshlutum byggst upp þekkingarsetur, sem starfa á sviði náttúrufræða, með stuðningi ríkis og sveitarfélaga. Það er því rétt að í vinnu starfshópsins verði horft til þess hvernig samstarf náttúrustofa og setra í sama landshluta geti styrkt starf beggja aðila.

Nú er mikil deigla í náttúru- og umhverfisvernd á Íslandi, m.a. vegna nýrra loftslagsmarkmiða og vaxandi ferðamennsku, og því mikilvægt að fara yfir hvernig fjármagn og fagþekking á þessu sviði getur nýst íslensku samfélagi sem best.